

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1980

11. apríl 1980.

185

Nr. 11.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið oliugjald til fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 2.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Oliugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafra og hlutaskipta frá 1. mars 1980 til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Gjört í Reykjavík 11. apríl 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

11. apríl 1980.

Nr. 12.

L Ö G

um orkujöfnunargjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Leggja skal 1½% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum taka til. Gjaldið rennur óskipt til ríkissjóðs.